

## AUGLÝSING

### (I) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### **Grundarfjarðarbær.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Grundarfjarðarbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. Helmingi byggðakvótans, 50 þorskígildislestum, verði úthlutað samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 557/2009.
2. Helmingur byggðakvótans, 50 þorskígildislestir, fari til að bæta þeim sem höfðu aflahlutdeild í skelfiski upp samdrátt vegna banns við skelfiskveiðum á Breiðafirði.

Reglur um úthlutun samkvæmt lið 2 hér að framan:

- a) Rétt til að sækja um úthlutun byggðakvóta hafa útgerðir sem gera út fiskiskip frá Grundarfirði eða starfrækja þar vinnslu afla og höfðu aflaheimildir í hörpuskel á fiskveiðiárinu 2004/2005.
- b) Aflinn skal veiddur af skipum gerðum út frá Grundarfirði.
- c) Umræddur byggðakvóti skal unninn í Grundarfirði, samningur við fiskvinnslu skal fylgja umsókn.
- d) Byggðakvóta samkvæmt umsóknum er uppfylla ofangreind skilyrði skal úthlutað á milli umsækjenda hlutfallslega miðað við aflahlutdeild í hörpuskel.

Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun er fellt niður í báðum tölu-liðum þessara sérreglna.

#### **Borgarfjarðarhreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Borgarfjarðarhrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Vinnsluskyldu byggðakvóta Borgarfjarðarhrepps samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar er aflétt.

#### **Seyðisfjörður.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Seyðisfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

15 þorskígildislesta hámark skv. 4. gr. er fellt niður.

#### **Norðurþing.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Húsavíkur, Kópaskers og Raufarhafnar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: 15 þorskígildislesta hámark er fellt niður.
2. 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskípum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað o.s.frv.

#### **Akureyrarbær.**

Byggðakvóta Akureyrarbæjar vegna Hríseyjar skal úthlutað með eftirfarandi hætti til skipa skráðra í Hrísey samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 að öðru leyti en því að:

1. 90% byggðakvótans skal úthlutað jafnt á þá báta sem gerðir hafa verið út a.m.k. 9 mánuði á síðustu 12 mánuðum.
2. 10% byggðakvótans skal úthlutað samkvæmt reglugerð nr. 557 frá 25. júní 2009 á aðra báta sem gerðir eru út hluta úr ári.

3. Heimilt er að flytja byggðakvóta milli fiskiskípa í eigu sömu útgerðar.

Byggðakvóta Akureyrarbæjar vegna Grímseyjar skal úthlutað með eftirfarandi hætti til skípa skráðra í Grímsey samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 að öðru leyti en því að: Vinnsluskyldu samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar er aflétt.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. júlí 2009.*

F. h. r.

**Hinrik Greipsson.**

\_\_\_\_\_  
*Kristján Freyr Helgason.*